

Mál nr. 328/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys við kjötskurð í verslun 9. desember 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. september 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. september 2015 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Lýsingar á tjónsatviki fela í sér að M hafi verið að saga kjöt í þar til gerðri vél á vinnustað sínum þegar kjötbiti rann til með þeim afleiðingum að M fór með fingur í kjötsögina og slasaðist. Í málinu liggja fyrir myndir af umræddri vél og upplýsingar um að hún hafi verið búin svo nefndri CE-merkingu.

M telur að slys hans megi rekja til þess að ekki hafi verið öryggishlífar á þeirri vél sem hann þurfti að nota til að saga kjöt, annars vegar hafi ekki verið svokallað „land“ á söginni og hins vegar hafi ekki verið öryggishlíf fyrir sagarblaðið „að ofan“. M vísar til þess að X hafi ekki tilkynnt um slysið eins og var skylt að gera skv. 79. gr. laga nr. 79/1980 og verði X að bera hallann af sönnunarskortu um aðstæður á vettvangi þess vegna m.t.t. sjónarmiða sem komi fram í Hrd. 1997, bls. 3649. M vísar einnig til 13., 37., 42. og 46. gr. umræddra laga varðandi skyldur vinnuveitanda gagnvart öruggu vinnuumhverfi sem og reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 þar sem komi fram í 2. lið I. viðauka almennar lágmarkskröfur um öryggisbúnað á vélum sem hafi tækjahluta á hreyfingu og hætta sé á viðkomu. Einnig er vísað til reglna nr. 492/1997 um öryggisbúnað véla, t.d. c. lið gr. 4.3 í þeim reglum þar sem sérstaka áherslu skuli leggja á að vél sé þannig búin að starfsmenn komist ekki óviljandi í snertingu við hættulega hluti á hreyfingu. M telur að X hafi brotið gegn umræddum fyrirmælum með því að haga vinnutilhögun þannig að vél sem M þurfti að nota hafi ekki verið búin öryggisbúnaði, né tryggt að hann notaði „land“ til að tryggja stöðugleika kjötbitanna sem hann var að skera. Einnig bendir M á að hann hafi verið nýkominn til starfa í verslun X og hafi því enn verið í þjálfun þegar hann slasaðist.

V telur, með vísan til gagna sem lögð voru fram um kjötsögunarvél X, að ósannað sé að útbúnaður vélarinnar hafi verið ófullnægjandi. Ekki sé gert ráð fyrir öryggishlífum við sagarblað né heldur hafi „land“ hentað við að saga þá kjötbita sem M var að saga í greint sinn. Einnig vísar V til þess að M sé vanur kjötiðnaðarmaður og hafi stjórnað verkinu sjálfur. V telur því ekki sýnt að brotið hafi verið gegn þeim reglum sem M vísar til í málskoti sínu.

Álit.

Við mat á því hvort X hafi brotið gegn þeim reglum sem M vísar til í málskoti verður að líta til þeirra upplýsinga sem koma fram í gögnum málsins, þ.á.m. upplýsinga um gerð og útbúnað þeirrar vélar sem M notaði við kjötskurðinn. Þau gögn sýna að útbúnaður vélarinnar var óbreyttur frá sölu hennar að notkun. Verður að telja ljóst að við kjötskurð verður kjöt að komast að skurðarblaði til þess að hægt sé að saga það í sundur og mundi sérstök öryggishlíf á sagarblaðinu koma í veg fyrir slíkan skurð og notkun vélarinnar sem slíkrar. Við mat á því hvort hægt hefði verið að nota „land“ til þess að halda kjötbitum stöðugum verður að líta til þess að ósannað er hvort hægt það hefði verið hægt að nota það til þess skurðar sem M framkvæmdi. Ekki telst því fyllilega sannað að slys M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 20. október 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.